

Græn skref í Háskóla Íslands

Hér að neðan er að finna nokkur minnisatriði um aðgerðir Grænna skrefa sem við hvetjum starfsmenn og aðra til að tileinka sér og hafa ávallt í huga.

Samgöngur

- ✓ Við höfum kynnt okkur þann [samgöngusamning](#) sem er í boði fyrir starfsmenn HÍ
- ✓ Við reynum að velja [umhverfisvænan ferðamáta](#) til og frá vinnu
- ✓ Við tökum þátt í átakinu *Hjólað í vinnuna*
- ✓ Við óskum eftir umhverfisvænni leigubílum, bílaleigu- og rekstrarleigubílum ef þess er kosta völ
- ✓ Við reynum að samnýta ferðir á fundi og til og frá vinnu
- ✓ Starfsmenn geta fengið aðgang að hjóli og rafmagnsbíl vegna vinnutengdra verkefna (bókun fer fram í gegnum [Uglu](#))
- ✓ Við spyrjum okkur „[þarf ég að fljúga?](#)“ áður en við förum erlendis
- ✓ Við hvetjum til funda í gegnum fjarfundabúnað og óskum eftir því við helstu samstarfsaðila okkar erlendis og innlendis



Flokkun og minni sóun

- ✓ Við flokkum allt okkar sorp í [flokkunarbarina](#) og látum [umsjónarmenn fasteigna](#) sjá um að farga á ábyrgan hátt spilliefnum eins og rafhlöðum, prenthylkjum, perum o.fl.
- ✓ Við prentum beggja megin á blöð og íhugum þörfina á því að prenta
- ✓ Við skilum skrifstofuvörum sem hægt er að endurnota í staðinn fyrir að henda
- ✓ Við endurnýtum umbúðir og annað sem fellur til við innkaup – um að gera að nota ímyndunaraflið!
- ✓ Við notum margnota burðarpoka í stað einnota
- ✓ Við afþökkum allan fjölpóst
- ✓ Við flokkum allan lífrænan úrgang
- ✓ Við höfum ekki tunnu fyrir almennan úrgang við skrifborðið okkar (ef við kjósum að halda henni þá sjáum við sjálf um að flokka okkar rusl við flokkunarbarina)



Eldhús og mötuneyti

- ✓ Við notum eingöngu margnota borðbúnað
- ✓ Við reynum að sporna eins og við getum gegn matarsóun
- ✓ Við kaupum ekki t.d. smjör, sultur, kaffimjólk og tannstöngla í smáumbúðum
- ✓ Við óskum eftir að birgjar okkar noti margnota flutningskassa eða sæki tóma kassa við næstu vöruafhendingu
- ✓ Eldhúspappír, servíettur og annar mjúkpappír í eldhúsi er [umhverfisvottaður \(týpa 1\)](#)
- ✓ Á kaffistofum veljum við hreinlætis- og ræstivörur sem eru umhverfisvottaðar
- ✓ Á kaffistofum er lífrænn úrgangur flokkaður
- ✓ Við leggjum áherslu á [lífræna vottun og/eða siðgæðisvottun](#)



Innkaup



- ✓ [Við fhugum alltaf vel þörfina áður](#) en við kaupum inn
- ✓ Við þekkjum [áreiðanleg umhverfismerki \(týpa 1\) og lífrænar vottanir](#)
- ✓ Við skiptum við umhverfivottaðar prentsmiðjur og veljum umhverfivottaðan prentpappír, umslög og annað bréfsfni
- ✓ Við óskum eftir frá birgjum okkar að fá upplýsingar um vistvæna valkosti
- ✓ Við kjósum umhverfivottaða kaffi- og teþjónustu

Rafmagn og húshitun



- ✓ Við slökkvum á tölvum og skjám í lok dags
- ✓ Við slökkvum á ljósum í þeim rýmum sem ekki eru í notkun og í lok dags
- ✓ Við stillum ljósritunarvélar, prentara og önnur tæki þannig að þau fari í viðbragðsstöðu ef þau eru ekki í notkun
- ✓ Við lokum gluggum í lok dags
- ✓ Við veljum sparnaðarstillingu á uppþvottavélum á kaffistofum og gangsetjum einungis fullhlaðnar vélar með viðeigandi skammtastærð
- ✓ Við notum stigann í stað lyftu ef við eigum þess kosta vöð

Viðburðir og fundir



- ✓ Við bjóðum uppá kranavatn á fundum en ekki vatn í einnota drykkjarumbúðum
- ✓ Við bjóðum einungis uppá margnota borðbúnað
- ✓ Við höldum öllu dreifiefnum og gögnum á viðburðum og fundum í algjöru lágmarki og bjóðum uppá rafrænt efni
- ✓ Við bjóðum uppá grænmetis- og grænkera (vegan) valmöguleika á viðburðum okkar
- ✓ Starfsfólk þekkir til leiðbeininga um [notkun fjarfundarforrita og góð ráð](#)
- ✓ Á viðburðum okkar bæði innan- og utanhúss er hægt að flokka
- ✓ Á viðburðum bjóðum við uppá umbúðalausar eða mjög umbúðalítlar máltíðir
- ✓ Fyrir viðburði er passað að rétt magn af mat sé keypt til að sporna gegn matarsóun
- ✓ Við val á gistirými, erlendis og innanlands, er lögð áhersla á að [velja staði með umhverfivottun](#)
- ✓ Starfsmenn sem skipuleggja viðburði þekkja leiðbeiningar Grænna skrefa um sjálfbæra viðburðaskipulagningu og geta stuðst við [gátlista af vef Grænna skrefa](#)